



Reykjavík 16. janúar 2018
1601081SA AGB
Málalykill: 13.24

**Efni: Skýrsla Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins á haustfundi 2017
Report CG33(2017)13final, 19. okt. 2017
”Making public procurement transparent at local and regional levels”.**

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins er pólitískur samstarfsvettvangur evrópskra sveitarfélaga og svæða. Ísland á þrjá fulltrúa á þinginu sem stjórn sambandsins tilnefnir. Þingið kemur saman tvisvar á ári, að vori og hausti í Evrópuráðshöllinni í Strassborg. Það ályktar um ýmis málefni sem varða sveitarstjórnarstigið, sérstaklega um lýðræðis- og mannréttindamál, og er ályktununum eftir atvikum beint að þingi Evrópuráðsins og ráðherranefnd, svo og að ríkisstjórnnum aðildarríkja Evrópuráðsins og sveitar- og svæðisstjórnnum innan þeirra. Á haustþingi 2016 samþykkti þingið vegvísi um aðgerðir til að koma í veg fyrir spillingu og stuðla að góðu siðferði á sveitarstjórnarstigi. Meðal þess sem vegvísirinn kveður á um er gerð skýrslu um hvernig hægt sé auka gegnsæi í opinberum innkaupum. Þingið samþykkti skýrslu um það efni á haustþingi í október 2017.

Í skýrslunni er bent á að stórum hluta opinberra útgjalda sé ráðstafað í gegnum opinber innkaup til einkaaðila og félagasamtaka og það verði að vera á varðbergi gagnvart möguleikum á spillingu í tengslum við þau. Í skýrslunni er varpað ljósi á kerfislæg vandamál í innkaupamálum sveitarfélaga og svæða sem skapi hættu á spillingu, s.s. skortur á sérfræðiþekkingu hjá sveitarfélögum um samningsgerð, „snúningshurðafyrirbærið“ og skortur á gegnsæi og bent er á raunhæfar aðgerðir til að draga úr hættu á spillingu.

Þingið beinir því til sveitar- og svæðastjórna að skoða og meta mismunandi spillingaráhættu í opinberum innkaupum og til að setja upp innra eftirlit og matsferla. Það hvetur þær til að auka gegnsæi með því birta tölur og upplýsingar um opinber innkaup á öllum stigum til að auka árvekni hins opinbera og til að gera íbúum kleift að fylgjast með hvernig opinberum fjármunum er ráðstafað.

Þingið fer þess á leit við ráðherranefnd Evrópuráðsins að hún hveti

¹ the „revolving door“ phenomenon: Á við þegar aðili færir sig á milli sviða t.d. frá hinu opinbera til einkaaðila eða öfugt þannig að hætta er á misnotkun á tengslum og þekkingu úr fyrra starfi til hagsbóta fyrir aðila á öðru sviði sem viðkomandi ræður sig til. Dæmi um slíkar aðstæður er þegar starfsmaður sveitarfélags ræður sig til fyrirtækis sem er í samningstengslum við sveitarfélag.

ríkisstjórnir og þjóðþing aðildarríkja til að setja innkaupastaðla fyrir opinber yfirvöld og til að kynna rafræn innkaupakerfi sem draga úr möguleikum einstaklinga til að hafa óeðlileg afskipti af innkaupaferlum.

Sambandið hvetur íslenskar sveitarstjórnir, og þá sem bera ábyrgð á og hafa umsjón með innkaupamálum sveitarfélaga, til að kynna sér skýrsluna sem varpar á ljósi á þær hliðar innkaupamála sem krefjast sérstakrar árvekni gagnvart spillingu og misnotkun og bendir á úrræði til að sporna við slíku framferði.

Hér er tengill á skýrsluna

<https://rm.coe.int/making-public-procurement-transparent-at-local-and-regional-levels-gov/168074cf72>